

REGLUGERÐ

um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á nautgripa-, svína-, alifugla- og hreindýrakjöti.

1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. viðaukum III A og VI A við tollalög númer 55/1987 með síðari breytingum í samræmi við tillögur nefndar skv. 75. gr. laga nr. 99/1993.

2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
<i>Kjöt af dýrum af nautgripakyni, fryst -</i>				
Tollnúmer: vöruliðir 0202 og 0210:		95.000		
0202.3002 Lundir	01.07.02 - 30.06.03		0	605
0202.3003 Hryggvöðvar	01.07.02 - 30.06.03		0	605
0202.3004 Vöðvar af læri	01.07.02 - 30.06.03		0	605
<i>Kjöt af dýrum af nautgripakyni, saltað,</i>				
Tollnúmer: þurrkað eða reykt:				
0210.2001 Beinlaust	01.07.02 - 30.06.03		0	368
<i>Svínakjöt - vöruliðir 0203 og 0210:</i>				
Tollnúmer: Svínakjöt, fryst:		64.000		
0203.2903 Hakkað	01.07.02 - 30.06.03		0	491
0203.2904 Lundir	01.07.02 - 30.06.03		0	491
0203.2905 Hryggvöðvar	01.07.02 - 30.06.03		0	491
0203.2906 Vöðvar af læri	01.07.02 - 30.06.03		0	491
0203.2909 Annað	01.07.02 - 30.06.03		0	491
Úr tollnr.: Svínakjöt, saltað, þurrkað eða reykt:				
0210.1200 Slög og sneiðar af þeim, beinlaust	01.07.02 - 30.06.03		0	351
Tollnúmer:				
0210.1901 Reykt - beinlaust	01.07.02 - 30.06.03		0	399
Úr tollnr.:				
0210.1909 Annars - beinlaust	01.07.02 - 30.06.03		0	399
<i>Kjöt af alifuglum - vöruliður 0207:</i>				
Tollnúmer: Kjöt og ætir hlutar af hænsnum, fryst:		59.000		
0207.1200 Ekki skorið í hluta, fryst	01.07.02 - 30.06.03		0	180
0207.1401 Beinlaust	01.07.02 - 30.06.03		0	180
0207.1402 Lifur	01.07.02 - 30.06.03		0	248
0207.1409 Annað	01.07.02 - 30.06.03		0	180
<i>Af kalkúnnum:</i>				
0207.2500 Ekki skorið í hluta, fryst	01.07.02 - 30.06.03		0	248
0207.2701 Beinlaust	01.07.02 - 30.06.03		0	248
0207.2702 Lifur	01.07.02 - 30.06.03		0	248
0207.2709 Annað	01.07.02 - 30.06.03		0	248
<i>Af öndum, gæsnum eða perluhænsnum:</i>				

Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
0207.3300 Ekki skorið í hluta, fryst <i>Annað:</i>	01.07.02 - 30.06.03		0	248
0207.3601 Beinlaust, (úrbeinað, fryst)	01.07.02 - 30.06.03		0	248
0207.3602 Lifur	01.07.02 - 30.06.03		0	248
0207.3609 Annað, (skorið í hluta fryst) <i>Annað kjöt, fryst - vöruliður 0208:</i>	01.07.02 - 30.06.03	12.000	0	248
0208.9006 Hreindýrakjöt, fryst	01.07.02 - 30.06.03		0	570
<i>Úr tollnr.:</i>				
0208.9009 Annars - Dádýr, dúfur, fasanar, lynghænur og strútar, fryst	01.07.02 - 30.06.03		0	272

Tímabil þau sem tilgreind eru miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgðatollafgreiðslu skal þó miða við dagsetningu hennar.

3. gr.

Tollkvótum er úthlutað skv. auglýsingu landbúnaðarráðuneytisins þar sem tilgreindir eru skilmálar vegna úthlutunarinnar. Heimilt er að úthluta tollkvótum í einu lagi eða skipta úthlutun niður á gildistíma reglugerðarinnar. Úthlutun er ekki framseljanleg.

Innflutningur verður því aðeins leyfður að uppfyllt séu ákvæði 10. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, ásamt reglugerð og auglýsingum samkvæmt þeim um innflutning á sláturafurðum sem ekki hafa fengið hitameðferð.

4. gr.

Berist umsóknir um meira magn innflutnings en auglýstum tollkvóta nemur hverju sinni, skal leita tilboða í tollkvóta vörunnar.

Skulu tilboð ráða úthlutun. Þó skal að lágmarki og hámarki úthluta því magni sem hér greinir miðað við tímabil sem getið er um í 2. gr. í eftirtöldum vöruliðum sé um það sótt:

vöruliður		Að lágmarki:	Að hámarki:
0207.25xx og 0207.27xx		5.300 kg	8.200 kg

5. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 53. gr. og 70. gr. laga nr. 99/1993. Með mál út af brotum á henni skal farið að hætti opinberra mála.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 53. gr., 53. gr. A og 75. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildir og gildir til 1. júlí 2003.

Landbúnaðarráðuneytinu, 31. maí 2002.

F. h. r.

Ólafur Friðriksson.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.